

FJARÐAR

posturinn

Hafnfirski fréttablaðið

40. töl. 24. árg. 2005

Fimmtudagur 20. október

Upplag 8.000 eintök. Dreift fritt í Hafnarfirði



MIDHRAUN 11

535 6600



KB BANKI
- kraftur til þín!




Rannveig Rist, forstjóri Alcan og Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri tvímenna á nýjum hjólreiðastíg.

Framboðsmál:

Magnús Ólafsson hættur við!

Magnús Ólafsson, leikari og prentari sem gaf kost á sér í 1. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins verður ekki með í prófkjörinu. Hafði hann ekki safnað meðmælendum úr röðum flokksmanna daginn sem framboðsfrestur rann út.

Framboð Magnúsar vakti nokkra athygli þar sem hann hafði ekki starfað með flokknunum áður og var áberandi á þingi flokksins um síðustu helgi. Sjá nánar á bls. 3.



Flöggum á föstudag

í tilefni af opinberri
heimsók forseta Íslands

Forsetaheimsókn og Hansadagar

Bæjarbúum boðið til hátíðar á föstudagskvöld

Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson og frú Dorrit Moussaieff forsetafrú koma í opinbera heimsókn til Hafnarfjarðar á föstudag þar sem þau munu heimsækja stofnanir, félög og fyrirtæki. Tekið verður á móti forsetanum kl. 9 við bæjarmörkin við Garðaveg og verður nær sleitulaus dagskrá til kvölds en heimsókninni lýkur með fjölskylduhátíð í Íþróttahúsinu við Strandgötu kl. 20-21.30. Er þetta fyrsta opinbera heimsókn hr. Ólafs Ragnars Grímssonar á höfuðborgarsvæðið.

Forsetinn mun setja Hansadagana sem standa yfir um helgina en Hafnarfjarðarbær fékk nýlega inngöngu í Hansasamtökin, enda Hansakaupmenn ráðandi í bænum á 16. öld. Markmið með dögnum er að efla verslun og þjónusut og kynna sögu Hansakaupmann-



Forseti Íslands, hr. Ólafur Ragnar Grímsson

anna og efla tengsl við Þýskaland. Dagskrá daganna er fjölbreytt og verður Þýskubillinn áberandi í bænum. Hansaborgasýning verður opnuð á nýjum göngustíg við Fjarðargötu, í bókasafninu verður þýskt þema. Þýsk stemmning verður í Gamla

bókasafninu með bratwurstpýlsunum og epladrykk. Þá verða fyrirlestrar í Byggðasafninu og margt fleira sem bæjarbúar eru hvattir að kynna sér í auglýsingum hér í blaðinu.

Dögnum lýkur á sunnudag kl. 13 í Risanum.

20 ár frá fyrsta kvennafrídegningum

Þann 24. október 1985 var fyrsti kvennafrídagurinn á Íslandi. Arið var helgað baráttu kvenna í heiminum og þennan dag streymdu íslenskar konur í miðborg Reykjavíkur til að leggja áherslu á kröfur sínar.

Karlar sátu eftir heima og hugsaði hver sitt. Hörður Zóphaniasson var einn þeirra og eins og honum er einum lagið orti hann:

Konur í kvennafrí,
karlamir fagna því
þeir loks fá að ráðskast og ráða.
Þá verður hopp og hí,
heimilin frjáls á ný,
það kætir oss hrakta og hrjáða.

Jafnréttisnefnd hefur hvatt fyrirtæki til að gefa kvenfólki frí á mánudag til að fara á fjöldafundi í miðborg Reykjavíkur á mánudaginn

afsláttur
-1kr



sími: 591 3100
Bensín diesel

ATLANTSOLIA

Jólaþorpið í Hafnarfirði

auglýsir eftir áhugasömum einstaklingum, félagasamtökum, verslunum eða öðrum sem vilja taka hús á leigu gegn vægu gjaldi.

Vinsamlega hafið samband við Helgu í Jólaþorpinu
í síma 585 5777 - 8956 332 eða á jolathorp@hafnarfjordur.is

Jólaþorpið verður opið allar helgar á aðventunni, auk Þorláksmessu. Þar verða 20 lítil jólahús með fjölbreyttum jólavarningi og skemmtidagskrá á sviði.



FJARDAR PÓSTURINN

Útgefandi: Keilir ehf.

Fjarðarpósturinn, Bæjarhrauni 2, 220 Hafnarfirði
Ritstjórn: 565 4513, 896 4613, ritstjorn@fjardarposturinn.is
Ritstjóri og ábm.: Guðni Gíslason
Auglýsingar: 565 3066, auglysingar@fjardarposturinn.is
Umbrot: Hönnunarhúsið, umbrot@fjardarposturinn.is
Prentun: Steinmark ehf. Dreifing: Íslandspóstur
ISSN 1670-4169 – Vefútgáfa: ISSN 1670-4193
www.fjardarposturinn.is

Leiðarinn



Nú er ljóst að einungis 11 manns gáfu kost á sér í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins og einn frambjóðandinn náði ekki nógu mörgum meðmælum innan flokksins svo það eru 10 sem bjóða sig fram í 10 sæti. Kjörstjórn mun eflaust kalla til fleiri á listann, ef ekki í prófkjörið þá gerir hún það á framboðslista flokksins. Spennandi verður að sjá hversu áhugasamir Samfylkingarmenn verða fyrir sínu prófkjöri en ef marka má fjölda nafna sem orðuð hafa verið við prófkjör er áhuginn þar eitthvað meiri. Þó er ljóst að ótrúlega lítil áhugi virðist vera fyrir flokkspólítisku starfi í bænum, ekki sist meðal yngri kynslóðarinnar. Er það umhugsunarefni fyrir forystumenn flokkanna og ekki óeðlilegt að þeir leiti leiða til að hvetja til þátttöku og gera starf að velferðarmálum bæjarins áhuga-verðara. Sennilega hefði verið réttara að leggja til niðurgreiðslu á starfi pólitískra samtaka til að hvetja sem flesta til að sýna málefnum bæjarfélagsins áhuga.

Málefni stúlkanna á Hringbrautinni sló alla illilega og segir okkur hversu mikilvægt það er að við sýnum umhyggju og ábyrgð hvert á öðru. Þegar fólk segir að svona geti ekki gerst í dag fyllist ég efa því andvaraleysi hefur aukist og hver þykist hafa nóg með sig. Ekkert þjóðfélag þrífst án samfélagslegrar samábyrgðar sem virðist vera á undanhaldi í peningastjórnumarkerfi samtímans þar sem peningar eru orðnir aðaldrifkrafturinn.

Ef okkur er ekki umhugað um náungann er hætta á ferðum. Heimsfriður byrjar heima hjá okkur, hann næst ekki í samninga-viðræðum heimsveldanna ef það er ekki friður á heimilinum.

Gangið á Guðs vegum.

Guðni Gíslason



HAFNARFJARÐARKIRKJA

sunnudagurinn 23. október

Skákmessa kl. 11 í Hafnarfjarðarkirkju

Prestur: Sr. Gunnþór Þ. Ingason, sóknarprestur.

Guðmundur G. Þórarinnsson, fyrrverandi alþingismaðurprédikar.

Hádegisverður þátttakenda og gesta kl. 12 og verðlaunaaafhending

Fjöltefni verðlaunahafa við Friðrik Ólafsson stórmeistara kl. 13.

Sunnudagaskólar

í Strandbergi og Hvaleyarskóla kl. 11.00

Kyrrðarstund

kl. 12 á hádegi miðvikudögum.

Léttur hádegisverður í Strandbergi

kl. 12.30-13.



www.hafnarfjardarkirkja.is

Menning & mannlíf

Sýningar í Bæjarbíói

Á laugardaginn kl. 16 verður sýnd í Bæjarbíói pólska kvikmyndin **Hnífur í vatni** frá árinu 1962 eftir Roman Polanski. Þetta er fyrsta mynd hans í fullri lengd og vakti hún mikla athygli á sínum tíma og fékk m.a. tilnefningu til Óskarsverðlauna sem besta erlenda myndin en varð að lúta í lægra haldi fyrir 8½ eftir Fellini.

Þriðjudaginn 18. október kl. 20 er komið að vali Friðriks Þórs Friðriks-sonar kvikmyndaleikstjóra á þremur uppáhalds myndum sínum. **Árshátíð slökkviliðsmannanna** eftir Milos Forman er fyrst í röðinni, grínmynd sem segir frá því þegar slökkviliðsmenn í tékkneskum smábæ halda samkvæmi til heiðurs fyrrverandi slökkviliðsstjóra. Allir bæjarbúar eru boðnir í veislu á sem fer úr böndunum.

Sýning í Hafnarborg

Sýning Myndhöggvarafélags Reykjavíkur stendur yfir í Hafnarborg. Á sýningunni eru verk eftir tuttugu og átta listamenn sem allir eru virkir í Myndhöggvarafélaginu. Þeir eru þessir: Ása Hauksdóttir, Ásta Ólafsdóttir, Brynhildur Þorgeirsdóttir, Eygló Harðardóttir, Gísli Kristjánsson, Guðbjörn Gunnarsson, Guðrún Gunnarsdóttir, Hallsteinn Sigurðsson, Helgi Gíslason, Jóhanna

Þórardóttir, Jónas Bragi Jónasson, Kristín Reynisdóttir, Magnea Ásmunds-
dóttir, Ólafur Lárusson, Örn Þorsteins-
son, Pétur Örn Friðriksson, Ragnhildur
Stefánsdóttir, Rebekka Rán Samper,
Rósa Sigrún Jónsdóttir, Sari Maarit
Cedergren, Sigrún Guðmundsdóttir,
Sólrún Guðbjörnsdóttir, Sólveig Bald-
ursdóttir, Steinunn G. Helgadóttir, Þóra
Sigurðardóttir, Þorbjörg Pálsdóttir, Þor-
björg Þorvaldsdóttir og Þórdís Alda
Sigurðardóttir.

Tónleikar Kórs Flensborgarskólans

Kór Flensborgarskólans í Hafnarfirði heldur tónleika í Víðistaðakirkju á **sunnudaginn kl. 16**. Stjórnandi kórsins er Hrafnhildur Blomsterberg. Forsala aðgöngumiða er hjá kórfelegum og á Súfistanum á Strandgötu. Frítt fyrir börn 12 ára og yngri og nemendur Flensborgarskólans.

Átmælishátíð Kvennafrídagsins

Stjórn Bandalags Kvenna í Hafnarfirði hvetur konur til að fjölmenna í kröfugöngu á **mánudaginn kl. 14.30**. Gengið verður frá Skólavörðuholtinu niður að Ingólfsborg undir kjöróröndu „Ég þori, get og vil“.



Víðistaðakirkja

Sunnudagurinn 23. október:

Sunnudagaskólinn kl. 11:00

Skemmtileg stund fyrir börn á öllum aldri.

Messa kl. 13:00

Kór Víðistaðasóknar syngur undir stjórn Úlriks Ólasonar

Kyrrðarstundir

á miðvikudögum kl. 12:00

súpa og brauð í safnaðarheimilinu á eftir.

Opið hús fyrir eldri borgara á

miðvikudögum kl. 13:00

Spil, spjall og kaffiveitingar.

Foreldrastundir

á fimmtudögum kl. 13:00

Gefandi samvera

fyrir heimavinnandi foreldra



Allir velkomnir
Sóknarprestur

www.vidistadakirkja.is

Úr fundargerðum...

3. Styrkir vegna jafnréttismála.
Lagðar fram eftirfarandi umsóknir:

Umsókn K. Huldu Guðmundsdóttir um styrk vegna rannsóknarverkefnis, sem ber vinnuheitid: Blessun eða vígsla samkynhneigðra para. Afstaða kirkjunnar og væntingar samfélagsins.

Umsókn afmælisnefndar kvennahreyfingarinnar um styrk vegna útfundar í miðbæ Reykjavíkur þann 24. október nk.

Umsókn Sveins Hjartar Guðfínnssonar um styrk vegna vefsvæðisins pabbar.is.

Umsókn Margrétar Gauju Magnúsdóttur um styrk vegna Competo-Jafningjafræðslu Hafnarfjarðar.

Umsókn kórfelegu deildar Hauka um styrk vegna þátttöku kvennalíðs deildarinnar í evrópukeppni.

Afgreiðslu málsins frestað til næsta fundar.

4. Kvennafrídagur þann 24. október nk.

Lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar samþykkir eftirfarandi ályktun í tilefni af kvennafrídeginum þann 24. október nk.

„Lýðræðis- og jafnréttisnefnd skorar á hafnfirsk fyrirtæki að gefa konum frí til að taka þátt í sameiginlegum aðgerðum og dagskrá kvennahreyfinganna þann 24. október nk.“

Lýðræðis- og jafnréttisnefnd lýsir yfir stuðningi við aðgerðir kvenna í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum, nú í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin frá kvennafrídeginum 1975.“

2. Vímuvamavikan

Lagt fram erindi Samstarfsráðs um forvarnir þar sem óskað er þátttöku Hafnarfjarðarbæjar í vímuvamaviku sem fram fer 15. til 22. október.

Forvarnarnefnd sér sér ekki fært að vera þátttakandi á þeim forsendum sem bjóðast og óskar Samstarfsráðinu velfarnaðar í þessu ágæta forvarnarkerfi.

6. Náms- og kynnisferð

Kynnt fyrirhuguð náms- og kynnisferð Litla hóps og starfsmanna Gamla bókasafnsins til Stokkhólms í lok október. Þar er ætlunin að kynnast því sem heimamenn starfrækja í ungmennahúsinu Fryshuset, úrræðum sem ungu fólk í vanda er boðið upp á og kynningu á árangursríkum samstarfsleiðum stofnana.

1. Framvinda framkvæmda í miðbæ.

Miðbæjarnefnd lýsir yfir áhyggju sínum yfir framgangi mála við Strandgötu 30. Þar sem framkvæmdir hafa dregist úr hömlu óskar nefndin eftir að bæjarráð hlutist til um að framkvæmdir hefjist sem fyrst ellegar verði byggingarleið afturkallað.

4. Bilastæðahús.

Vegna mikillar uppbyggingar í miðbæ Hafnarfjarðar telur miðbæjarnefnd tímabært að skoðuð verði alvarlega sú hugmynd að „bilastæðahús“ verði reist á Venusarreit.

Steinunn Guðnadóttir ætlar að hætta

Verður ekki með af persónulegum ástæðum

Steinunn Guðnadóttir hefur sent frá sér eftirfarandi tilkynningu:

Kæru Hafniróðingar
Ég hef ákveðið að gefa ekki kost á mér í prófkjör Sjálfstæðisflokksins fyrir bæjarstjórnarkosningar vorið 2006.

Þrátt fyrir það að mér finnst stjórnsmál áhugaverð og bæjarfulltrúastarfið hafi verið lærdómsríkt, þá valda því persónulegar ástæður að ég verð ekki með í þetta sinn.

Ég vil þakka öllum sem hafa komið að máli við mig og hvatt mig til að halda áfram.

Ég kem að sjálfsgöðu til með sinnna starfi mínu sem bæjarfulltrúi eins og ég hef verið kosin til fram að kosningum vorið 2006.



Ég vil óska öllum þeim sem bjóða sig fram til prófkjörs farsældar, um leið og ég óska okkur öllum árangurs í því að skapa betri búsetuskilyrði fyrir okkur Hafniróðinga.

Með vinsemi og virðingu,
Steinunn Guðnadóttir.

Samfylkingin boðar til prófkjörs

Lokað öðru en flokksbundnu Samfylkingarfólki

Prófkjör félaga í Samfylkingunni í Hafnarfirði fer fram laugardaginn 5. nóvember nk. skv. ákvörðun aðalfundar Samfylkingarinnar og rennur framboðsfrestur út nk. mánudag kl. 22. Kjörgengir eru félagar í Samfylkingunni í Hafnarfirði, sem hafa kosningarétt í næstu sveitarstjórnarkosningum og kosningarétt hafa 16 ára og eldri félagar í Samfylkingunni í Hafnarfirði.

Framboðum skal skila til kjörnefndar eða á netfangið skrifstofa@xs.is.

Takmörkun á kynningu

Í tilkynningu frá stjórn Samfylkingarinnar kemur fram að frambjóðendur mega aðeins kynna sig í kynningarblaði Samfylkingarinnar í Hafnarfirði sem dreift verður fyrir prófkjör, á eigin heimasíðu og með greinaskrifum í blöð.

Prófkjör Sjálfstæðisflokksins:

Tíu gefa kost á sér

Tíu skiluðu inn framboði sínu í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins á þriðjudag er framboðsfrestur rann út.

Eftirtaldir gefa kost á sér (sætin eru skv. upplýsingum frá frambjóðendum sjálfum):

Í 1. sæti:

Haraldur Þór Ólason
Valgerður Sigurðardóttir

Í 2. sæti:

Almar Grímsson
María Kristín Gylfadóttir
Skarphéðinn Orri Björnsson

Í 3. sæti:

Bergur Ólafsson

Í 3.-4. sæti:

Guðrún Jónsdóttir

Í 4. sæti:

Hallur Helgason
Helga Ragnheiður Stefánsdóttir

Í 4.-5. sæti:

Árni Þór Helgason

Magnús Ólafsson, sem tilkynnt hafði um framboð sitt hafði ekki látið fylla út lista með meðmælendum og sagði við blaðamann Fjarðarþóstsins að hann hafi ákveðið að gefa ekki kost á sér og gefa sér tíma til að kynnast innviðum flokksins betur. Hann sagðist finna fyrir mikilli deyfð í flokknum og greinilegt að þar þurfi að koma inn fleiri ný andlit til að hressa upp á hann.

SPH gefur sínum konum frí!

Útibú lokað eftir kl. 13.45 á mánudag

Stjórnendur Sparisjóðs Hafnarfjarðar hafa ákveðið að gera konum í SPH kleift að taka þátt í Kvennafrídegnum mánudaginn 24. október næstkomandi. Kvenfólkið mun hætta störfum kl. 14.08 þennan dag og boðið rútuferð í miðbæ Reykjavíkur þar sem farið verður í kröfugöngu á baráttufund á Ingólfstorgi.

Af þessum sökum verða afgreiðslustaðir SPH í Garðabæ, Norðurbæ og Kringlunni lokaðir eftir kl. 13.45. Í Fjarðar kaupum verður lokað allan daginn. Hins vegar munu karlmennirnir sjá til þess að þjónustustaður á Strandgötu 8-10 verði opin til kl. 16 þennan dag og sinna þeir öllum nauðsynlegum störfum í fjarveru kvenfólksins.

Dansleikir eftir langt hlé í Fjörugarðinum



Hansadagar hefjast á föstudaginn og líkur á sunnudaginn. Í Fjörunni verður framreiddur þýskur matur og hljómsveitin Freiheit spilar fyrir matargesti en hún kemur sérstaklega frá Þýskalandi til að skemmta gestum á Hansadögum, bæði í Fjörunni og á dansleik í Fjörugarðinum.

Þýskur drykkur verður borinn fram í viðeigandi ílátum og óhætt að segja að vikingarnir verða svolitíð með þýsku yfirbragði þessi kvöld.

Fjörugir menn sem spila dæmigerða þýska tónlist sem spiluð er mikið á veitingastöðum víðsvegar um Þýskaland og nær hámarki sínu á Októberfest, spila nú í fyrsta skipti á Hansadögum í Hafnarfirði.

Dansleikir verða föstudags- og laugardagskvöld og spilar hljómsveit Hilmars Sverrissonar fyrir dansi ásamt fyrr nefndri hljómsveit til klukkan 03. Enginn inngangseyrir.



Guðmundur Árni kvaddur Gerist sendiherra í Stokkhólmi

Guðmundur Árni Stefánsson, f.v. bæjarstjóri í Hafnarfirði, ráðherra og þingmaður hverfur nú um mánaðarmótin til starfa sem sendiherra í Stokkhólmi.

Flokkssystkini hans í Samfylkingunni hafa skipulagt kveðjukvöld fyrir Guðmund Árna á fimmtudagskvöldi í Fjörukránni en húsið verður opnað kl. 20.



Gefst samstarfsmönnum hans, vinum og félögum kostur á að kveðja Guðmund Árna sem verður fimmtugur 31. október nk.

Gert er ráð fyrir að hefðbundin dagskrá hefjist um kl. 20.30. og verður tilboðsverð á barnum.

Þriggja rétta helgartilboð

Vín mánaðarins eru frá Argentínu

Rauðvínið Trivento Capernet Melbec – kr. 1950,-

Hvítvínið Trivento Viogner – kr. 1950,-

3ja rétta helgartilboð



Kvennafrídagur þann 24. október nk.

Hvetja fyrir-tæki að gefa konum frí

Lýðræðis- og jafnréttisnefnd Hafnarfjarðar samþykkti ályktun í tilefni af kvennafrídegnum þann 24. október nk. „Lýðræðis- og jafnréttisnefnd skorar á hafnirsk fyrirtæki að gefa konum frí til að taka þátt í sameiginlegum aðgerðum og dagskrá kvennahreyfinganna þann 24. október nk. Lýðræðis- og jafnréttisnefnd lýsir yfir stuðningi við aðgerðir kvenna í baráttu þeirra fyrir bættum kjörum, nú í tilefni þess að þrjátíu ár eru liðin frá kvennafrídegnum 1975.“

Dansleikur 60 ára og eldri laugardaginn 22. október

fyrsta vetrardag

Trío Guðmundar Steingrímssonar leikur fyrir dansi.

Hraunseli, Flatahrauni 3 kl. 20.30

Félagsmiðstöðin Hraunsel • 555 0142, 555 6142



Þekkir þú listaverkið?



Þetta listaverk má finna hér í bæ. Veist þú hver höfundur þess er og hvar það stendur?

Listaverkið sem spurt var um í síðustu viku heitir Harpa vindanna og er eftir Árdísi Sigmundsdóttur. Verkið stendur við Tónlistarskólann.



Litjám: Guðni Gleðason

Hefur sorgin markað þitt líf?

„Sorgin gleymir engum“ segir máltækið, og hversu viðbúin sem við teljum okkur vera, þá kemur hún alltaf á óvart, segir Sigríður Kristín Helgadóttir, prestur í Frikirkjunni. Að þekkja sorgina og áhrif hennar á lífið og tilveruna er því mikilvægt hverri manneskju. Nú er að fara af stað sorgarhópur í Frikirkjunni í Hafnarfirði annað árið í röð. Sorgarhópur er einfaldlega fámennur hópur fólks sem hefur reynslu af sorginni og kemur

saman til þess að fara markvisst yfir sorgarferlið og helstu einkenni þess.

Fyrir hópar gáfu góða raun og sýna að þörf er á umræðu þegar sorgin er annars vegar. Samverur eru í Frikirkjunni á mánudagskvöldum í alls fimm skipti, fyrsta samvera er 31. október kl. 20. Þau sem hefðu áhuga á að vera með, vinsamlegast hafi samband við Sigríði Kristínu í síma 5653430 eða 8970211.

Alcan fékk fjöreggið

Matvæla- og næringarfræðafélag Íslands veitir verðlaun fyrir heilsuáttak

„Það er fyrir heilsuáttak Alcan sem hófst í ársbyrjun 2004 og er ótímabundið. Það tekur á ýmsum þáttum sem skipta sköpum um velliðan fólks. Átakið skiptist í þrjá meginþætti, næringu og hreyfingu, stöðkerfi og líkamsbeitingu og andlega líðan. Verkefnið er veigamiklað, vel útfært og í höndum fagmanna. Heilsuáttakið sýnir í hnotskurn mikilvægi þess að vel sé hugsað

um líðan og heilsu þess mannaúds sem býr í hverju fyrirtæki, ekki síður en um viðhald og rekstur tóla og tækja. Heilsuáttak Alcans er til mikillar fyrirmyndar og verður vonandi öðrum til hvatningar,“ sagði Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI við afhendingu verðlaunanna sl. föstudag.



Rannveig Rist, forstjóri Alcans og Jón Steindór Valdimarsson.

Hjólreiðastígur vígður

Forstjóri og bæjarstjóri fóru stíginn á tvímenningshjól

Hjólreiðastígur sem nýlega var lagður frá syðstu byggð sunnar Hvaleyrarholt að álverinu í Straumsvík var vígður sl. fimmtudag. Rannveig Rist, forstjóri Alcan og Lúdvík Geirsson, bæjarstjóri í Hafnarfirði klipptu á borða því til staðfestingar. Með reiðhjólahlalma og sokkana yfir



Lúdvík Geirsson og Rannveig Rist klippa á borðann.

buxunum stigu þau svo á glæsilegt tvímenningshjól og vígðu stíginn formlega með því að hjóla saman eftir honum í átt til Straumsvíkur. Með í för var hópur starfsmanna Alcan sem



Bæjarstjórinn var alls ekki ósáttur að vera ekki við stýrið.

nýta sér stíginn á leið til og frá vinnu.

Með hjólreiða- og göngu- stígnum rættist langþráður draumur margra sem ýmist ganga eða hjóla til og frá vinnu í Straumsvík. Gerð stígsins var

samstarfsverkefni Alcan og Hafnarfjarðarbæjar sem deildu með sér kostnaði við framkvæmdina. Verkefninu er ætlað að tryggja öryggi þeirra sem fara um svæðið og stuðla að aukinni hreyfingu og útiveru.




Vel var tekið á móti hópunum þegar hann kom að álverinu.

Jólaþorpið á Thorsplaní

Tuttugu lítil hús opnuð 26. nóvember nk.

Jólaþorpið verður starfrækt á adventunni, þriðja árið í röð og verður með svipuðum hætti en þorpið verður sett upp á nýuppgerðu Thorsplaninu.

Opið verður allar helgar á adventunni og á Þorláksmessu



Litjám: Guðni Gleðason



og verður miðpunktur þess sem Hafnarfjörður hefur upp á að bjóða á adventunni. Opið verður kl. 12-18 um helgar og til 22.30 á Þorláksmessu.

Helga Magnúsdóttir er umsjónarmaður þorpsins og sér um leigu á húsunum og skráingu í skemmtidagskrá á torginu.

Glæsilegt hringtorg

Nágrannar ánægðir með lagfæringar á Vesturgötu



Nýlega var nýtt hringtorg tekið í notkun á mótum Vesturgötu, Herjólfsgötu og Flókagötu. Allur

frágangur er þar hinn glæsilegasti og rekaviðardrumbar setja skemmtilegan svip á torgið og

þykir fara vel á þessum stað þar sem oft hefur brimað hressilega.

HANSA DAGAR

í Hafnarfirði 21. - 23. október

FÖSTUDAGURINN 21. OKTÓBER

10:00-14:00 Þýskubíllinn við Flensburg HM 2006 í knattspyrnu.
14:00-18:00 Þýskubíllinn við Fjörð HM 2006 í knattspyrnu.

14:00-23:00 Þýsk stemning í Gamla bókasafninu

Grillaðar bratwurstpýlsur og þýskur epladrykkur frá kl. 18:00. Hljómsveitirnar Miss behavin' og hin austur-þýskrússneska Lada Sport frá kl. 20:00. Ókeypis aðgangur.

16:30-17:10 Setning Hansadaga í verslunarmiðstöðinni Firði

Kynnar: Helga Braga og Steinn Ármann • Englakórinn syngur • Forseti Íslands setur Hansadaga • Þýska tríóið Friheit spilar • Þýskubíllinn.

19:30-20:00 Flugeldasýning, opnun á Hansaborgasýningu

Vígsla á göngu- og hjólastíg og skrudganga að Íþróttahúsi Strandgötu með Lúðrasveit Hafnarfjarðar í broddi fylkingar.

20:00-21:30 Fjölskylduhátíð í Íþróttahúsi Strandgötu

Bæjarbúum boðið að hitta forsetahjónin • Lúðvík Geirsson bæjarstjóri setur dagskrána • Þórunn Sigþórsdóttir sópran syngur • Ávarp Ólafs Ragnars Grímssonar, forseta Íslands • Karlakórinn Prestir • Forsetinn afhendir ungum Íslendingum hvatningu • Þýska hljómsveitin Friheit spilar • Unglingahljóm-sveitin Jakobínarína.

LAUGARDAGURINN 22. OKTÓBER

13:00-16:00 Hátíðahöld í Firði

Bein útsending á Rás 2 • Matarkynningar • Þýskubíllinn kynnir HM 2006 í knattspyrnu • Dregið í getraun um Hansaborgir í beinni útsendingu á Rás 2 • Þýska tríóið Friheit spilar.

14:00-16:00 Fyrirlestrar í Byggðasafninu, Vesturgötu 8

„Hafnarfjörður, Hamborg og Hansasambandið á 16. öld“
Dr. Gísli Gunnarsson prófessor í sagnfræði.
„Ólgerð, fornar þýskar hefðir og ölneysla á Íslandi fyrr á öldum“
Guðmundur Mar Magnússon, bruggmeistari.

SUNNUDAGURINN 23. OKTÓBER

10:00-13:00 Fótboltamót í Risanum

5. flokkur drengja og stúlkna • Þýskubíllinn á svæðinu.

13:00 Verðlaunaafhending og slit Hansadaga



Á DAGSKRÁ ALLA HANSAHELGINA

Á Hansadögum kynnir þýskubíllinn HM 2006 í knattspyrnu • Taktu þátt í getraun um Hansaborgir – flug fyrir tvo til Þýskalands í boði Icelandair • Verslunar- og þjónustuaðilar í bænum með ýmis tilboð • Hansaborgasýning á göngustíg við Fjarðargötu: Saga hansaborga og hansabæjarins Hafnarfjarðar • Bókasafnið – opið frá 10-17. Þýskt þema • Kaffistofa Hafnarborgar: Sýning með ljósmyndum Bernt Schlüsselburg frá Cuxhaven • Októberfest í Fjörukránni á föstudags- og laugardagskvöldið: Myntslátta og vefnaður. Dansleikur bæði kvöldin, hljómsveit Hilmaris Sverrissonar spilar til kl. 03. Aðgangur er ókeypis • Friheit og Lúðrasveit Hafnarfjarðar spila víða um bæinn

sjáumst ...

Viljaleysi yfirvalda

Aksturssvæði þarf undir mótörhjólaíþróttina

Óskar Kr. sendi Fjarðarpóstinum línu eftir umfjöllun um akstur vélhjólanna á grónu landi skammt frá innstu byggðinni á Völlum og segist alltaf verða jafn sár þegar hann sér svona einstaklinga sem halda að þeir séu að stunda þessa frábæru íþrótt en eru í raun ekkert annað að gera en eyðileggja og svarta íþróttina fyrir þeim sem gera allt til að styrkja stöðu hennar. „En það sem stakk mig“, segir Óskar, „í þessari grein voru þessi orð „Virðast yfirvöld standa ráðþrota á meðan innflutningur á torfæruhjóllum stóreykst“. Ráðþrota er ekki rétta orðið heldur á orðið viljaleysi frekar við þarna.“ Segir Óskar að koma þurfi upp aksturssvæði fyrir torfæruhjól og þá muni þessi ólöglegi akstur nánast, ef ekki alveg hverfa úr bæjarlandinu. „Yfirvöld í Hafnarfjarðarbæ hafa sýnt viljaleysi síðastliðinn áratug og hafa svörin verið að þetta sé á skipulagi og svo ekki meir.“ Ítrekar Óskar að



Svona gæti svæðið litið út.

þetta sé íþrótt sem bæjaryfirvöld þurfi að taka tillit til eins og til annarra íþróttagreina enda sé vélhjólaiþróttin í sókn fjöldi hjólanna sé ört vaxandi.

FJARDAR posturinn Verslum í Hafnarfirði!
... og byggjum upp í heimabyggð!

Málefni aldraðra eru mál allrar fjölskyldunnar

Það er enn nokkur tilhneiging ekki síst hjá ungum stjórnmalámonnum að aðgreina einstaka aldurshópa hvað varðar stefnumótun og úrræði. Það gleymist gjarnan að þeir sem eru 60 ára og eldri hafa verið ungir og átt sín viðfangsefni við uppbyggingu samfélagsins og uppeldi nýrra kynslóða.

Eftir umfangsmiklar breytingar á skólakerfinu og aukna þjónustu við leikskóla og dagvist barna og ungs fólks er eins og eldri borgarar hafi dregist aftur úr. Ein skýring á þessu er að heilbrigðismál og málefni aldraðra eru á hendi ríkisins meðan stökkbreytingar á síðasta áratugi hafa orðið varðandi grunn- og leikskóla eftir að málefni þeirra fluttu til sveitarfélaganna.

Sú var tíðin að sveitarfélögin höfðu allt frumkvæði í uppbyggingu öldrunarþjónustu og síðar komu sterk öfl eins og Sjómannadagsráð til og byggðu upp glæsilega þjónustu fyrir aldraða sem farnir voru að ljáast og veikjast. Sólvangur var tekinn í notkun 1953 eftir frumkvæði stórhuga fólks í Hafnarfirði. Síðar fór þessi góða stofnun í rekstur beint undir ríkið en ekki er öllum ljóst að húsið sjálft er samt enn skráð eign Hafnarfjarðarbæjar. Enn skal áreitað að

heilbrigðisráðuneytið leysi þann hnút sem Sólvangur er í.

Það hefur vart farið fram hjá neinum í fréttum og umræðu undanfarið að mjög brýn þörf er á hjúkrunarúrræðum fyrir eldri borgara hér í Hafnarfirði. Til lengri tíma litið er einnig þörf á nýjum hjúkrunarheimilum. Bærinn er ört vaxandi og mikil hlutfallsleg fjöldun eldri borgara á næstu áratugum.

Ég tel því fyllilega tímabært að Hafnarfjarðarbær taki nú frumkvæði og stefni að byggingu hjúkrunarheimilis og geri það með þjónustusamningi í einkaframkvæmd. Við getum ekki endalaust beðið eftir lausninni en gerum best í að taka af skarði enda er alger pólitísk samstaða um að flytja beri þennan málaflökk undir forræði sveitarfélagsins.

Byggjum nú trausta brú milli kynslóða og ég heiti á alla að styðja dyggilega við þennan málstað og tryggja það að Hafnarfirðingar fái að eldast með reisn og við trygg úrræði þegar aldur færast yfir og heilsu hrakar.

Munum að málefni aldraðra eru málefni allrar fjölskyldunnar.

Höfundur býður sig fram í 2. sæti á lista Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði.



Almar Grímsson

Engin fleiri umsýslugjöld

Bæjarstjóri segir fyrirmynd m.a. að finna í Kópavogi

Bæjarstjórn samþykkti fyrir skömmu að leggja á 1.000 kr. umsýslugjald á allar lóðarumsóknir. Bæjarsjóri, Lúðvík Geirsson segir umsýslugjaldið vera sett á til að mæta kostnaði vegna skráningar og yfirferðar á lóðaumsóknum, sem hafa í síðustu úthlutunum verið vel á annað þúsund talsins.

Segir hann það hafa sýnt sig að það sé mikil vinna og kostnaður sem fylgir þessari umsýslu með umsóknir og auk þess nokkur kostnaður að auki við að útbúa öll gögn sem umsækjendum eru látin í té.

„Fyrirmynd slíkra umsýslugjalda er til víða m.a. í samþæflegri samþykkt Kópavogsbæjar við síðustu lóðarúthlutanir þar í bæ“, segir Lúðvík og segir



Litarn.: Guðni Gíslason

engar hugmyndir uppi með önnur slík umsýslugjöld.

Á sama tíma var kostnaður Hafnarfjarðarbæ vegna þátttöku bæjarins í Byggingadegi í Haf-

arfirði 1,2 milljónir kr. þar sem lóðirnar voru kynntar þrátt fyrir að umsýslugjaldið hafi verið sett á vegna fjölda umsókna.

Strandbergsmótið í skák 2005:

Kynslóðabilið brúað á hvítum reitum og svörtum



Litarn.: Guðni Gíslason

Strandbergsmótið í skák verður haldið nk. laugardag kl. 13. Mótið er ætlað skákmönnum 15 ára og yngri og 60 ára og eldri og er kynslóðabilið þannig brúað á hvítum reitum og svörtum. Glæsilegir vinningar eru á mótinu, peningaverðlaun, ferðir til Færeyja og splunkunýjar bækur.

Hrókurinn og Hafnarfjarðarkirkja standa að mótinu í samvinnu við hafnirsku taflfélögin Kátu biskupana, skákeild Hauka og kempurnar í Riddaranum, sem er skáklúbbur eldri borgara í Hafnarfirði.

Strandbergsmótið var haldið í fyrsta skipti í fyrra og tókst afar vel. Mótið markaði upphaf að 90 ára afmælishátíð Hafnarfjarðarkirkju. Þar kepptu margir kunnir skákmenn af eldri kynslóðinni og fjöldi efnilegra barna en sigurvegari varð Ingvar Amundsson

Við setningu Strandbergsmótsins mun Sigurjón Pétursson form. sóknarnefndar flytja ávarp og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra leika fyrsta leikinn.

Tekið er við skráningum í netfanginu hrokurinn@hrokurinn.is og hjá Mána í síma 867770. Þátttaka er ókeypis, og er einn skilyrði að keppendur séu á grunnskólaaldri eða fæddir 1945 eða fyrr. Teflt í er í einum opnum flokki, 7 umferðir með 10 mínútna umhugsunartíma.

Verðlaunin eru glæsileg. VKS, sem einnig var aðalbakjarl mótsins í fyrra, gefur peningaverðlaun. Verðlaun fyrir fyrsta sæti eru 25.000 krónur, fyrir 2. sæti 15.000 krónur og fyrir 3. sæti 10.000 krónur. Sigurvegarinn fær líka ferð fyrir tvo til Færeyja með Atlantic Airways. Allir keppendur munu eiga þess kost að vinna Færeyja-

ferð fyrir tvo í happdrætti, sem haldið verður í mótslok. Þá verða nýjar bækur frá JPV-útgáfu í vinninga og fleira skemmtilegt. Verðlaun eru veitt í flokki barna í 1.-3. bekk, 4.-7. bekk og 8.-10. bekk.

Skákhátíðin í Hafnarfirði heldur áfram á sunnudag. Þá mun Guðmundur G. Þórarinnsson fv. forseti Skáksambands Íslands predika í skákmessu í Hafnarfjarðarkirkju kl. 11. Prestur er sr. Gunnþór Þ. Ingason, sóknarprestur. Eftir messu verður keppendum á Strandbergsmótinu og gestum þeirra boðið til hádegisverðar og verðlaunaafhendingar.

Fríðrik Ólafsson teflir fjöltefli.

Kl.13 mun Fríðrik Ólafsson, stórmeistari síðan tefla fjöltefli við verðlaunahafa Strandbergsmótsins. Öllum er velkomið að fylgjast með taflmennskunni á Strandbergsmótinu og koma í skákmessuna.

Framtíðarþáttur eldri borgara: Óskir og þarfir eldri borgara könnuð

Skoðanakönnun á vegum félagsins 60+ Hafnarfirði um óskir og hugsanlegar þarfir eldri borgara í framtíðarþátturum sínum hefur verið send út og er hún opin öllum Hafnarfirðingum sem fæddir eru 1945 og fyrr.

Hugmynd að könnuninni kviknaði eftir lestur félagsrits Landssambands eldri borgara þar sem sagt er frá ýmsum möguleikum á búsetuforni fyrir aldraða, og upplýst að stefnan í Danmörku er sú að bjóða, eldri borgurum upp á íbúðir í blokk-

um, lítil raðhús, sambýli eða dvalarheimili og í litlum þjónustukjörnum.

Þetta er leynileg könnun og er send öllum félögum í 60+, Hafnarfirði en er einnig opin öllum Hafnarfirðingum fæddum 1945 eða fyrr. Hægt er að fá upplýsingar um þátttöku hjá Margræti Guðmundsdóttur í síma 555 0206.

Svörin skulu berast í síðasta lagi 25. október 2005 en niðurstöður verða kynntar á haustfundi 60+ sem haldinn verður í nóvember.



Eitt af fimm stærstu

Actavis kaupir samheitalyfjastarfsemi Alpharma

Actavis Group hefur keypt samheitalyfjastarfsemi alþjóðlega lyfjafyrirtækisins Alpharma Inc. á um 50 milljarða króna. Markmið Actavis er að vera í hópi leiðandi fyrirtækja í heiminum á sviði þróunar, framleiðslu og sölu samheitalyfja. Kaupin eru mikilvægur áfangi að því marki en með þeim er Actavis orðið eitt af fimm stærstu samheitalyfjafyrirtækjum heims. Sameiginlegt fyrirtæki verður með starfsemi í 32 löndum og með um 10.000 starfsmenn.

Kaupin eru háð samþykki samkeppnisyfivalda og búist er við að gengið verði formlega frá kaupunum í desember nk. Sameinað félag býr yfir fjölbreyttu lyfjaúrvali með yfir 600 lyf á markaði og hefur yfir 200 lyf í þróun og skráningu. Er þess vænst að það leggi inn a.m.k. 30 umsóknir um markaðsleyfi í

Bandaríkjunum á næsta ári. Framleiðslugeta Actavis eykst verulega með verksmiðjum Alpharma í Bandaríkjunum, Bretlandi, Noregi, Kína og Indónesíu.

„Það hefur verið yfirlýst stefna Actavis að verða á meðal fimm stærstu samheitalyfjafyrirtækja heims. Með kaupunum styrkist sala á eigin vörumerkjum til muna á stærstu mörkuðum félagsins í Bandaríkjunum og Evrópu. Jafnframt skapast töluverð tækifæri til samlegðar, einkum á sviði sölu- og markaðsmála og í framleiðslu. Þá tel ég félagið vera mjög vel í stakk búið til frekari vaxtar og að kaupin á Alpharma séu til þess fallin að auka arðsemi hluthafanna til lengri tíma lítið“, segir Róbert Wessman, forstjóri Actavis Group um kaupin.



Róbert Wessman, forstjóri Actavis Group og Frederick J. Lynch, framkvæmdastjóri samheitalyfjasviðs Alpharma.

Dustum rykið af aðalnámskrá heimilanna

Lífsleiknikennsla fer líka fram á heimilinu

Nemendur í Áslandsskóla njóta þeirra forréttinda að fá fleiri kennslustundir í lífsleikni en gerist og gengur í íslenska skólakerfinu. Samkvæmt Aðalnámskrá grunnskóla er gert ráð fyrir einni kennslustund í viku frá og með 4. bekk, en í Áslandsskóla eru tvær kennslustundir í viku frá og með 1. bekk. Önnur þessara stunda í viku hverri er nýtt með morgunstund þar sem fjallað er um dygd mánaðarins í máli, söng og myndum. Hin stundin er nýtt til bekkjarumræðu um viðkomandi dygd, málefni líðandi stundar og/eða undirbúnings morgunstundar.

Lífsleikni er enn tiltölulega ný námsgrein, en hún er sannarlega mikilvæg. Gott ef hún er ekki alltaf að verða mikilvægari. Námsgrein sem býður okkur að hjálpa nemendum að læra að þekkja tilfinningar sínar og að hafa stjórn á þeim og að vera næmir á það hvernig öðrum líður. Að eiga uppbyggileg samskipti við aðra, að geta tekið ákvarðanir og leyst mál og beitt til þess gagnrýnni og skapandi hugsun. Lífsleikni býður okkur að hjálpa nemendum að setja sér markmið og tileinka sér siðvit og góðan lífsstíl. Hún færir okkur ný og dýrmæt tækifæri til þess að sinna félags- og tilfinningamiðaðri menntun þannig að ungt fólk sé raunverulega undir það búið að lifa og starfa á 21. öld og læri sem best á lífið. Hvaða viðfangsefni getur talist brýnna?

Hlutverk heimilanna mikilvægt

Alla jafna er það umsjónarkennari í hverjum bekk sem sinnir lífsleiknikennslu í Áslandsskóla. Þó er auðveldlega hægt að færa rök fyrir því að allir starfsmenn skólans sinni þessari kennslu af einhverju marki. Hlutverk skólans er mikilvægt en hlutverk lífsleiknikennslunnar á heimilinu er enn mikilvægara, þar fer lengsta kennslustundin fram.

Nú er ekki hægt að vísa í Aðalnámskrá heimilanna og tíunda hér þrepamarkmið, áfangamarkmið eða lokamarkmið þeirrar kennslu. Þau markmið eru hins vegar ekki ósvipuð þeim sem talin eru upp fyrr í þessari grein. Hvað námsefnið heima við varðar væri kannski hægt að flokka það enn frekar: kröfur og væntingar um hegðun, styrking jákvæðrar hegðunar, hrós, ögun, afskipti, umhyggja og samvera.



Leifur S. Garðarsson

Foreldrar verða að setja barni sínu nauðsynleg mörk með því að gera því skýra grein fyrir því hvað þeir setta sig við af hálfu bamsins. Þar með á barnið auðveldar með að taka skynsamlegar ákvarðanir og standa ábyrgt gjörða sinna.

Foreldrar sem setja markið hátt vegna barna sinna, t.d. í námi, íþróttum eða öðrum viðfangsefnum styrkja viðnámsprótt þeirra gegn fíkniefnaneyslu.

Foreldrar sem hrósa barni sínu þegar það gerir vel og halda gagnrýni í lágmarki efla sjálfstraust þess.

Ákveðinn tími sem ætlaður er til samveru fjölskyldunnar, t.d. í tómstundum, íþróttum, heimilisstörfum eða matmálistímum leggur grunn að samheldni og stöðugleika í samskiptum og gefur fjölskyldumeðlimum færi á að ræða saman.

Ábyrgð foreldra

Ástæða þessara hugleiðinga minna eru klárar vanefndir við að fara að lögum. Forráðamenn hittast gjarnan á skólakynningum að hausti þar sem farið er yfir náms efni komandi skólaárs og þá skapast oft umræða um útivistartíma undir liðnum önnur mál. Flestir telja sig þekkja til 92. greinar barnaverndarlaga þar sem segir að börn, 12 ára og yngri, megi ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20 nema í fylgd með fullorðnum. Ennfremur að börn sem eru á aldrinum 13 til 16 ára,

skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22, enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu.

Sjaldnar er hins vegar minnt á 94. grein sömu laga en þar segir að foreldrar eða forráðamenn barna skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum þessa kafla um útivist.

Með því að fylgja ekki ofangreindum reglum eru forráðamenn klárlega að rugla börn í ríminu þegar kemur að kröfum og væntingum. Á bara að fylgja sumum reglum en ekki öðrum?

Að mínu mati gera ekki allir sér grein fyrir því að með því að vanvirða reglur um útivistartíma er verið að bjóða hættunni heim. Ótal dæmi eru því til sönnunar. Unglingadrykkja, óæskileg hópa-myndun, eftirlitlaus partý þar sem húsmunir og heilu íbúðirnar eru lagðar í rúst, svo fátt eitt sé nefnt. Veit fólk hvar börnin þeirra eru öll kvöld, svo ég tali nú ekki um ef þau eru úti við eftir að útivistartíma lýkur? Gildir þar einu hvort átt er við virka daga eða helgar.

Í Hafnarfirði hefur ýmislegt verið reynt til að efla unglinga, hvetja þá og virkja. Öflugt starf í félagsmiðstöðvum er þar besta dæmið. Hvað eftirlitshlutverkið varðar þá hefur samvinna aðila er vinna með börnum og unglungum stöðugt verið að eflast, þó svo að við gerum þar aldrei nóg og veitum aldrei nægjanlegum fjármunum til slíks.

Það skiptir engu hvað skólinn, félagsmiðstöðin, íþróttafélagið eða sveitarfélagið í heild leggur af mörkum ef kröfur okkar og væntingar til barna okkar eru ekki skýrar. Dustum því rykið af Aðalnámskrá heimilanna, flettum upp á lífsleikni kaflanum og tökum höndum saman. Lífsleiknikennslan fer nefnilega líka fram á heimilunum.

Höfundur er skólastjóri Áslandsskóla



Hlutu Forsetamerkið

Þrír Hraubúar í boði hjá forseta Íslands

Árlega afhendir forseti Íslands, verndari skátahreyfingarinnar, dróttskátum Forsetamerkið sem viðurkenning á skipulögðu tveggja ári starfa skáta.

Ovenju fáir skátar tóku á móti merkinu í ár. Ákveða skátarnir sjálfir hvort þeir vinni að þessu merki en í starfinu eru fjölbreytt og krefjandi verkefni.

Þrír skátar úr skátafélaginu Hraunbúum tóku við merkinu við hátíðlega athöfn í Bessastaðakirkju, þau Nanna Guðrún Bjarnadóttir, Ólafur Sigurgeirsson og Rakel Ósk Orradóttir. en skátunum var svo boðið til Bessastaðastofu að athöfn lokinni.



Nanna Guðrún Bjarnadóttir, Ólafur Sigurgeirsson og Rakel Ósk Orradóttir.

Hvert liggur leiðin?

Um merkingar á undirgöngum



Blaðamaður Fjarðarþóstsins veltir því fyrir sér hvort ekki væri viðeigandi að merkja undirgöng bæjarins svo fólk viti hvert leiðin liggur. Einnig mætti hugsa sér samkeppni um brúarljóð eða

gangnaljóð sem komið væri fyrir á öllum brúm og undirgöngum bæjarins. Gætu þau verið skemmtileg krydd í heilsuþótar-göngum og mótvægi við veggjarkrotinu.

Rauði kross Íslands
Hafnarfjarðardeild



Sjálfbóðaliðar óskast!

Hafnarfjarðardeild Rauða kross Íslands auglýsir eftir áhugasömu fólki í eftirfarandi verkefni:

- € Heimsóknarþjónustu
- € Vinnu við fataflokkun
- € Afgreiðslu í fataverslun
- € Ungmennastarf
- € Starf með ungum innflytjendum
- € Starf með geðfötludum

Ef þú hefur áhuga á að starfa sem sjálfbóðaliði hafðu samband við okkur í síma 565-1222 eða sendu okkur póst á hafnarfjordur@redcross.is

Spánarferð Kórs Flensborgarskólans

Kór Flensborgarskólans ásamt Hrafnhildi Blomsterberg kórstjóra hefur oft lagt leið sína út fyrir landsteinana þar á meðal til Kanada árið 2000, til Spánar árið 2002 og til Eistlands árið 2004. Í Eistlandi unnum við með hinum mikilsmetna kórstjóra Josep Pratts og lauk þessu samstarfi með boði á kóramót í héraðinu Katalóníu á Spáni. Þetta mót var eitt af verkefnum evrópsku kórasamtakanna Europa Cantat og var heitið á mótinu Setmana Cantant sem þýðir söngvika á katalónsku. Við tókum boðinu fegins hendi og um haustið 2004 hófst undirbúningur fyrir ferðina. Fyrir utan að æfa fullt prógramm þá vorum við með heljarinnar fjárföflun sem stóð alveg fram á næsta sumar með góðum árangri. Á hádegi þann 13. júlí var svo lagt af stað í hina langþráðu ferð til Tarragona.

Mótið var sett í Palau de Congress sem er stór ráðstefnusalur í Tarragona. Söngvararnir sem tóku þátt í mótinu voru rúmlega 400 og stóð mótið í níu daga. Á mótinu var hægt að velja vinnuhópa sem tók fyrir ýmsa tegund tónlistar og við völdum

hóp sem tók fyrir lög margra þekktustu tónskálda Englands frá 16. og 17. öld. Alla morgna æfðum við í miklum hita í þessum vinnuhóp undir stjórn kórstjórans Malcolm Goldring. Frá kl. eitt til fimm er svokölluð Siesta á Spáni. Þennan tíma dags er alltaf heitast og þá loka flestir búðum sínum og fara heim til sín. En við stytum okkur stundir með því að

maður nefnilega kynnst hinu fólkinu betur.

Kóramótinu var svo slitið með tónleikum vinnuhópanna og með Te Deum-tónleikum sem voru haldnir daginn eftir. Þetta frábæra verk var flutt með sinfóníu-hljómsveitinni Barcelona Sinfonietta og einsöngvörum á hinu glæsilega útítonleikasviði Camp de Mart. Tónleikasvæðið tekur



fara á ströndina, versla og slappa af. Seinni part dags frá hálf fimm til sjö æfðum við, ásamt hinum þátttakendum mótsins, hið stórkostlega verk Te Deum eftir Zoltán Kodály undir stjórn hins þekktu ungerska kór- og hljómsveitarstjóra Laszlo Heltay.

Við héldum ferna tónleika með okkar eigin efnisskrá. Þeir voru haldnir í Tarragona, í bænum El Catllar, í bænum Valls og í Montserrat klaustrinu sem er rétt fyrir utan Barcelona. Eftir tónleikana í Valls vorum við sérlega ánægð, okkur fannst bara svo gaman. Við sungum á útisviði og var umhverfið rosalega fint, búið að setja upp borð með kertum á og stóla fyrir fólkið.

Alltaf var einhver dagskrá á kvöldin. Eitt kvöldið var hægt að fara í skemmtigarðinn Port Aventura sem er rétt fyrir utan Tarragona. Þar fórum við meðal annars í falltum sem er 150 metra há og í risastóran rússíbana með átta lykklum í. Þegar mótið var hálfnað var haldin kvöldveisla á ströndinni Rassabada. Þetta var fin tilbreyting frá æfingum þar sem maður sat bara við hliðina á þátttakendum mótsins, þarna gat

um 1000 manns í sæti og var nærri uppselt. Ekki má svo gleyma lokahófinu sem var haldið eftir tónleikana með skemmtiatriðum og flugeldum.

Eftir að mótinu lauk fengum við aðra þrjá frídaga. Einum deginum eyddum við í Barcelona þar sem við fórum í skoðunarferð með leiðsögumanni í rútu um borgina og versluðum að sjálf-sögu. Hina tvo dagana nýttum við í að sóla okkur þar sem við fengum ekki mjög mikla sól á meðan mótinu stóð.

Þetta var rosalega skemmtileg ferð og við munum aldrei gleyma henni. Við lærðum mikið á mótinu. Við lærðum ný, skemmtileg lög og kynntumst helling af áhugaverðu fólki.

Á sunnudaginn mun Kór Flensborgarskólans halda tónleika með efnisskránni sem við tókum með okkur til Katalóníu. Þar á meðal er að finna tvö ný íslensk verk sem voru sérstaklega samin fyrir kórin. Tónleikarnir verða haldnir í Viðistaðakirkju og hefjast þeir klukkan 16. Hægt er að kaupa miða hjá kórfélögum og á Súfist-anum í Hafnarfirði og Reykjavík. Alda Úlfarsdóttir, sópran.

Glæsilegt jólahlaðborð

FJÖRUKRÁIN
Sími 565-1213 - www.fjorukrain.is

Hlaðborðið svignar undan góðgætinu og rammislenk jólastemningin svikur engan. Verð með Grýluglöggi og dansleik kr. 4.400. Á undan borðhaldi býðst gestum að heimsækja Grýlu í Hellinn. Hún býður gestum upp á Grýlumjóð, auk þess að vera veislustjóri. Dansleikir um helgar.

Gisting og jólahlaðborð
Gisting og morgunverður með jólahlaðborði í veitingastaðnum Fjörugarðinum. Gisting í tveggja manna herbergi kr. 7.000 á mann. Gildir frá 18. nóvember 2005.

Við kveðjum í bili

Kveðjuteiti 20. -23. október



30%

Rýmingarafsláttur af öllum vörum meðan birgðir endast

10 kr.

Afsláttur af hverjum lítra af eldsneyti
(miðað við fullt þjónustuverð)

Olís – Hafnarfirði kveður í bili

Vegna umfangsmikilla byggingarframkvæmda þurfum við að loka starfsemi okkar í miðbænum. Við munum reisa nýja og glæsilega þjónustustöð í Hafnarfirði síðar. Þangað til bjóðum við Hafnfirðinga velkomna á aðrar Olísstöðvar okkar. Um leið og við þökkum Hafnfirðingum fyrir ánægjuleg samskipti á síðastliðnum áratugum viljum við bjóða öllum í kveðjuteitið okkar dagana 20. - 23. október.

»»» **Frítt kaffi og meðlæti - allir krakkar fá ís og Svala**



Afhendum öllum viðskiptavinum afláttarkort sem veitir handhafa góðan afslátt af völdum vörum á Olísstöðinni í Garðabæ.



ÞÚ FINNUR MUNINN

Smáauglýsingar

Húsnæði óskast

S.O.S — Fjögurra manna fjölskylda óskar eftir íbúð á leigu sem fyrst í Hafnarfirði (helst á Öldutúnskólasvæðinu). Langtímaleiga. Upplýsingar gefur Halldóra í síma 695-9906

Ungt, reyklaust og reglubundið þar óskar eftir lítilli íbúð til leigu. Skilvísun greiðslum heitið. Uppl. í s. 822 7603.

Til sölu

Mjög vel með farið vandað vinnraut leðursófasett til sölu. Verð 45 þ. Uppl. í s. 867 2676.

Bílar

Diahatsu Charaid árg. 1993, sjálfskiptur til sölu. Keyrður 93 þús km. Selst ódyrt. Upplýsingar í síma 823 5147



Þú getur sent smáauglýsingar á auglýsingar@fjardarposturinn.is eða hringt í síma 565 3066

Aðeins fyrir einstaklinga, ekki rekstraraðila. Verð aðals 500 kr. Tapað-fundið og tæst gefins: FRITT

Atvinnu-
húsnæði til
leigu

Til leigu
atvinnuhúsnæði,
213 m² við Brekkutröð.
Uppl. í síma 898 2645

Eldsneytisverð

18. október 2005 í Hafnarfirði:

Sölustaður	95 okt. dísil
Atlantsolía	108,8 107,2
Esso, Rvk.vegi	110,1 108,5
Esso, Lækjargötu	109,9 108,3
Olís, Vesturgötu	110,2 108,6
Orkan, Óseyrarbraut	108,6 107,1
ÓB, Fjarðakaupum	108,7 107,1
ÓB, Melabraut	108,7 107,2
Skeljungur, Rvk.vegi	110,1 108,5

Öll verð miðast við sjálfsafgreiðslu og eru fundin á vefsíðum olíufélaganna.

BETRI LÍÐAN - BETRI HEILSA

Shapeworks — fækkið kílóum
Herbalife, sjálfstæður dreifingaraðili
Halla sími 895 7414
www.arangur.is/halla

TÖLVUVIÐGERÐIR

Alhliða tölvuþjónusta
Kem í fyrirtæki og heimahúsi
Tölvuþjónusta Hafnarfjarðar
Sími 849 2502

Breiðband - Loftnet

Gervihnattapjónusta og sala
Rafeindavirkjar.
Loftnet IJ ehf.
Sími 696 1991.

Vel heppnaðir kóratónleikar

Síðastliðin laugardag hittust þrjú kórar í Víðistaðakirkju með það að markmiði að syngja og æfa saman nokkur lög sem voru svo sungin síðar um daginn fyrir tónleikagesti. Kórarir þrjú eiga allir ættir að rekja til Árnessýslu en þeir eru Árnesingakórinn í Reykjavík, Samkór Selfoss og Vörðukórinn.

Þetta var ekki í fyrsta skipti sem þessir þrjú kórar hittust til að

syngja. Það er hefð fyrir því að kórarir þrjú hittist á tveggja ári fresti en næst muni Árnesingakórinn í Reykjavík fara til Selfoss. Kórarir fluttu hver fjögur til fimm lög en svo sungu allir saman í lok tónleikanna þrjú lög sem stjórnandi Árnesingakórsins í Reykjavík stjórnaði.

Að sögn Gunnars Ben tókst kóramótíð vel og segir hann að

svona kóramót séu alltaf skemmtileg og fræðandi því þá fái kórastjórnendur og fólk í kórnum gott tækifæri til að kynna nýju fólk og heyra lög sem þau hafi ekki heyrt áður. Árnesingakórinn í Reykjavík, sem mun halda tónleika í Víðistaðakirkju 18. maí á næsta ári, fékk því tækifæri til þess að kynna hljóðnum í kirkjunni.



Líjan: Guðmundur Al. Arason

Tillitsleysi við gangandi



Íbúi við Vesturholt sendi blaðinu þessa mynd sem hann segir dæmigerða fyrir ástandið við götuna. Víða um bæinn er

ástandið svipað og er fólk hvatt til að halda gangstéttum fríum ekki sist til að tryggja öryggi barnanna í umferðinni.

www.fjardarposturinn.is

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR



Flatahrauni 5a
Vaktsími: 565 5892
Allan sólarhringinn
utforin@utforin.is
www.utfararstofa.is



Sverrir Einarsson



Bryndís Valbjarnardóttir



Oddur Bragason



Guðmundur Þór Gíslason

Komum heim til aðstandenda ef óskað er

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók
Erfidrykkja • Prestur • Kirkja • Legstaður • Tónlist
Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

Fallegir legsteinar
á góðu verði

Englasteinar

Hellufrauni 10
Sími: 565-2566
www.englasteinar.is

Ertu að gefa
út bók?

Eins og fyrri ár mun menningar- og ferðamálanefnd standa fyrir upplestrum úr jóbókum á Bókasafni Hafnarfjarðar undir heitinu Kynstrin öll. Höfundar munu lesa upp úr verkum sínum nokkur kvöld og byrjað verður þann 10. nóvember.

Hafnfirðingar eru hvattir til að taka þátt og ef þeir eru með bók í smíðum eða prentvélum að láta Bókasafnið vita.

Leiðrétting

Í síðasta blaði sagði í grein „Svona var bókað um Sólvang“ var rangt farið með að formaður Fjölskylduraðs hafi komið fram með tillögu um frestun á málin. Það var fulltrúi Sjálfstæðisflokks sem það gerði.

Er beðist velvirðingar á mistökunum.

Hallur
Helgason gefur
kost á sér

Hallur Helgason, 40 ára kvikmyndgerðarmaður og leikstjóri hefur ákveðið að gefa kost á sér í 4. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins. Eftir stúdentspróf og nokkura ára starfsreynslu við kvikmyndagerð og hljóðfæraleik í hljómsveitinni Kátir piltar lærði Hallur kvikmyndaframleiðslu við The American Film Institute Center For Advanced Film And Television Studies í Hollywood í Bandaríkjunum. Að námi loknu starfði hann um hríð við gerð bíomynda, sjónvarpsmynda, auglýsinga og tónlistarmyndbanda þar ytra.

Hann hefur einnig látið að sér kveða í rekstri atvinnuleikhúsa sem framleiðandi og leikstjóri.

Hallur tók að sér dagskrárstjórn Bylgjunnar um tíma og var fyrsti forstöðumaður útvarpsviðs Íslenska útvarpsfélagsins, síðar Norðurljósa.

Hann situr nú í stjórn Bandalags sjálfstæðra leikhúsa, Landsmálafélagsins Fram og fulltrúaráði Sjálfstæðisfélaganna í Hafnarfirði.

Hallur er fæddur á Sólvangi og alinn upp í Hafnarfirði. Hann vakti ungar nokkra athygli fyrir leik sinn í tveimur bíomýndum, Veidiferðinni og Punktur, punktur, komma, strik.

Margrét Gauja
vill í forystusveit

„Það hefur verið leitað til mín um að fara enn frekar út í pólitískt starf og ákvað ég að taka þeirri áskorun. Ég bý yfir mikilli reynslu m.a. vegna starfa minna innan Ungra jafnaðarmanna í Hafnarfirði, í stjórn Samfylkingarinnar í Hafnarfirði og á landsvisi.“

Störf mín í skólum og í æskulýðsstarfi bæjarins hafa einnig gefið mér góða innsýn í verkefni sem standa mér nærri Það er markmið Samfylkingarinnar í Hafnarfirði að geta stolt gert enþá betur á næsta kjörtímabili. Samfylkingin hefur með þátttöku bæjarbúa breytt gífurlega miklu í Hafnarfirði - okkar verkefni verða áfram mörg og framtíð Hafnarfjarðar er vissulega björt,“ segir Margrét Gauja Magnúsdóttir.

Margrét Gauja er 29 ára gömul og er að ljúka BA prófi í uppeldis- og menntunarfræði og diplomamaster í kennslufræðum við Háskóla Íslands. Í dag starfar hún sem kennari í Víðistaðaskóla og verkefnastjóri hjá Gamla bókasafninu, tómstunda- og menningarhúsi ungs fólks í Hafnarfirði. Hún er formaður Ungra Jafnaðarmanna, ritari Samfylkingarinnar í Hafnarfirði, varamaður Samfylkingarinnar í forvarnarnefnd og situr í kvennaráði FH. Hún er gift Davíð Arnari Stefánssyni, smíð og knattspyrnuþjálfara. Þau eiga eitt barn. Margrét Gauja er dóttir hjónanna Magnúsar Kjartanssonar, hljómlistarmanns, og Sigríðar Oddsdóttur flugfreyju.

1000 karlaraddir syngja

Sjöunda Landsmót karlakóra verður haldið í Hafnarfirði laugardaginn 29. október nk. Elsti karlakór landsins, Prestir er gestgjafinn. Á boðstólum verður daglög skemmtun við karlakórasöng þar sem úrval íslenskra söngmanna sameinast við söng, gleði, fræðslu og samkennd.

Söngur sameinar, hann er viðhafður á sorgar- og gleðistundum og hvar sem söngur heyrir er hlustað. Söngur breytir hugarfari manna, hann sameinar og sýknar, kætir og líknar og þagnar aldrei.

Það er nokkuð um liðið síðan slíkur fjöldi úrvals söngmanna hafa verið saman komnir á einum stað, reyndar hefur það ekki átt sér stað í Íslands sögunni. Við lyftum ásjónunni mót bjartri framtíð og fylkjumst í flokk til að flytja okkar skapara, hjóð, landi og framtíð allar okkar óskir í tónaflóði um gæfurika framtíð kynslóða sem koma segja aðstandendur mótsins.

SÍK hefur skipað í Söngmálaráð SÍK, þá Jón Kristinn Cortez söngstjóra Þrasta, Árna Harðarson söngstjóra Fóstbræðra og Róbert Faulkner söngstjóra karlakórsins Hreims og er Jón Kristinn formaður ráðsins og um leið söngstjóri.

Helgafell týnt í þokunni!

„Svaðilfarir“ dróttskáta í Ds. Trail

Á slaginu 20.05 þriðjuddagskvöldið 18. október lagði vaskur hópur úr Ds. Trail af stað í leit að hinu fornfræga Helgafelli. Klukkan 20.17 var hópurinn mættur að vatnsbóli Hafnarfirðinga og búnaður hópsins var yfirfarinn. Tveimur mínútum síðar var þrammað af stað í þokunni sem þykknaði með hverju skrefi. Þrátt fyrir tvísýnt ferðaveður var engan bilbug að finna á nokkrum manni því með í för voru þrautreyndir fjallagarpar sem ávallt eru viðbúinir og eiga ráð undir rífi hverju.

Eftir nokkra göngu kom í ljós hellir er einn leiðangursmaður kannaðist við úr fyrri leiðangri sem farinn hafði verið í leit að Blair norninni, sem af gæsaáhöld leiðangursmanna að dæma var aldrei skammt undan.

Eftir að hellirinn hafði verið skoðaður í þaula var tekin hægri beygja upp brekku er líktist mjög rötum Helgafellsins. Nokkrum tugum metrum ofar taldi hópurinn sig eiga vera kominn á tindinn, loksins! En skyndilega birtist út úr þokunni hóll sem virtist ívið hærri en sá sem hópurinn stóð á. Þá voru góð ráð dýr,



Hvert skal halda? Og þokan kolsvött.

hvaða hóll var þetta við hliðina á Helgafellinu?! Af einskærri forvitni kleif hópurinn þetta óvænta fjall og áleit að þar væri hið rétta Helgafell.

En annað kom ljós þar sem þarna var á ferðinni einn höllinn til viðbótar og enga kletta að finna er einkenna top Helgafells. Eftir miklar vangaveltur um hvort fellið væri vinstra- eða

hægramegin við tunglið var ákveðið að halda til baka í grunnbúðir og gera hlé á leiðangrinum. Á heimleiðinni var farið svo í Skalla þar sem sveitarforinginn splæsti ís á línuna án þess þó að borga brúsann.

Þórólfur Kristjánsson, sveitarforingi Ds. Trail.

FJARDAR
posturinn

Eina hafnirfska bæjarblaðið
www.fjardarposturinn.is

Loksins FH-sigur

Og unnu þá stóran sigur á KA



Ljóm.: Guðni Gíslason

Eftir fimm tapleiki í röð náði karlalið FH í handbolta að sýna á sér klærnar á móti KA í Kaplakrika á laugardag. Jafnræði var með liðunum framan af leik en þó var FH ávallt yfir. FH-ingar juku svo forskot sitt undir lok leiksins og sigurinn var sætur, 7 marka munur 25-18.

Liðið virðist vera að smella saman hjá Atla Hilmarsyni, nýjum þjálfara liðsins og þrátt fyrir að lykilmenn hafi vantað í lið KA voru FH-ingar einfaldlega of stór biti fyrir þá.

KA er í öðru sæti deildarinnar en FH-ingar enn í 14. og næsta sæti en alls verða umferðirnar 26 svo nóg er eftir. Markatala FH er neikvæð um 6 mörk sem er mark minna en hjá liði í 5. sæti.

Geymsluhúsnæði óskast

Björgunarsveit Hafnarfjarðar óskar eftir geymsluhúsnæði til leigu.

Húsnæðið þarf að vera 100-120m². Æskilegt er að á húsnæðinu séu a.m.k einar innkeyrsludyr.

Óskað er eftir húsnæði í a.m.k 1½ ár.

Vinsamlega hafið samband við Björgunarsveit Hafnarfjarðar á netfangið stjorn@spori.is eða í síma 660-1566.



Rúnar Geimundsson



Sigurður Rúnarsson



Elfs Rúnarsson

Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara.

Alhliða útfararþjónusta

Símar: 567 9110,

893 8638 og 897 3020



Útfararþjónustan ehf.

Stofnað 1990

Skoðanakönnunin

Hvern myndir þú vilja sem leiðtoga Sjálfstæðisflokksins?

Harald Þór Ólason	44%
Magnús Ólafsson	7%
Valgerði Sigurðardóttir	39%
Einhvern annan	10%

Taktu þátt á www.fjardarposturinn.is

Íþróttir

Úrslit:

Handbolti

Úrvalsdeild karla:

FH - Valur: 28-29

KA - Haukar: 21-24

FH - KA: 25-18

Haukar - ÍBV: miðv.d.

Úrvalsdeild kvenna:

Fram - Haukar: miðv.d.

Bikarkeppni karla:

Leiftri - FH E: 23-29

FH 2 - Afturelding 2: 29-22

Haukar 2 - Selfoss: 19-25

ÍBV 2 - FH: 28-43

Evrópukeppni karla:

Haukar - Torggler Meran: 32-29

Körfubolti

Úrvalsdeild karla:

UMFG - Haukar: 103-73

Haukar - Fjölnir: 78-86

Úrvalsdeild kvenna:

Haukar - UMFG: 70-82

ÍS - Haukar: 57-67

Hóþílabíkar karla:

Haukar - UMFG: miðvi.d

Næstu leikir:

Handbolti

22. okt. kl. 16, Ásvellir Haukar - RK Gorenje (meistarad. Evrópu karlar)

22. okt. kl. 16.15, Ásgarður Stjarnan - FH (úrvalsdeild karla)

22. okt. kl. 15, Akureyri KA - FH (úrvalsdeild kvenna)

23. okt. kl. 20, Ásvellir Haukar - Grótta (úrvalsdeild kvenna)

26. okt. kl. 19.15, Vestm.eyj. ÍBV - Haukar (úrvalsdeild kvenna)

Körfubolti

16. okt. kl. 19.15, Ásvellir Haukar - Fjölnir (úrvalsdeild karla)

22. okt. kl. 16, DHL-höllin. KR - Haukar (úrvalsdeild kvenna)

23. okt. kl. 19.15, Grindavík UMFG - Haukar (Hóþílabíkar karla)

Evrópuleikur á laugardag

Haukar leika við RK Gorenje Velenje í riðlakeppni meistaradeildar Evrópu á laugardaginn kl. 16 á Ásvöllum. Haukar unnu fyrri leik liðanna með einu marki.

Segjum NEI við tóbaksnotkun í íþróttum



PÓSTURINN
allur pakkinn



HRAUNHAMAR
F A S T E I G N A S A L A

Við kunnum að meta eignina þína!

Bæjarhrauni 10 Hafnarfirði • Sími 520 7500 • www.hraunhamar.is



Áfram Haukar!

Gunnar setur sætið að veði

Veðjar á að Samfylkingin haldi meirihluta sínum

Gunnar Svavarsson, forseti bæjarstjórnar og annar maður á lista Samfylkingarinnar í síðustu sveitarstjórnarkosningum gefur kost á sér í 6. sætið í prófkjöri Samfylkingarinnar sem fram fer laugardaginn 5. nóvember nk.

Setur hann með þessu sæti sitt að veði og skv. heimildum lýsti hann því yfir á aðalfundi Samfylkingarinnar í Hafnarfirði að það væri niðurstaða úr samræðum bæjarfulltrúanna og fleiri að hann gæfi kost á sér í 6. sæti listans. Það sæti skipti miklu í komandi kosningum og á þennan hátt sýndi flokkurinn að hann myndi ganga til kosninganna í vor kröftugur með baráttufólk á öllum stöðum.



Lúðvík Geirsson

Lúðvík Geirsson lýsti einnig yfir framboði sínu í forystusæti og nú hefur Margrét Gauja

Magnúsdóttir, formaður Félags ungra jafnaðarmanna lýsti yfir framboði sínu í forystusæti flokksins.

Ýmsir fleiri hafa verið nefndir til sögunnar, en framboðsfrestur rennur út á mánudaginn kl. 22. Talið er víst að Ellý Erlingsdóttir og Guðmundur Rúnar Arnason muni áfram gefa kost á sér og mikla líkur á að Hafrún Dóra Júlíusdóttir geri slíkt hið sama.

Gísli Ó. Valdimarsson hefur verið nefndur svo og Eyjólfur Sæmundsson og Hulda Karen Ólafsdóttir en einnig yngra fólk eins og Tómas Meyer, Ingimar Ingimarsson, Gestur Gestsson og Guðni Kjartansson, formaður Samfylkingarinnar.

babu ka

Ný hársnyrtistofa á Völlunum


Persónuleg og fagleg þjónusta.

Tímamantanir í síma 555 4311 eða 695 4311.

BRYNJA SIGURÐARDÓTTIR
HÁRGREIÐSLUMEISTARI

Fífuvöllum 16 • Hafnarfirði

www.fjardarposturinn.is



HAFNARFJÖRÐUR

Opinber heimsókn forseta Íslands til Hafnarfjarðar 21. október 2005

Þann 21. október næstkomandi mun forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú koma í opinbera heimsókn til Hafnarfjarðar. Af því tilefni er Hafnfirðingum boðið að hitta forsetahjónin og taka þátt í fjölskylduhátíð sem haldin verður í Íþróttahúsinu Strandgötu um kvöldið.

Verið velkomin!



Þú býri Hafnarfjörður sem horfir móti sól, þó hraun þín séu hrjóstrug er hvergi betra skjól, þinn fagri fjallahringur með fönn á efstu brún og hamraborgir háar, á holti gróin tún.

Dagskrá

9:00-16:30

Heimsóknir í fyrirtæki og stofnanir

16:30-17:10

Setning Hansadaga/Þýskra daga í verzlunarmiðstöðinni Firði

- Tónlistaratriði
- Forseti Íslands setur Hansadaga
- Friðheit – þýsk hljómsveit spilar Kynnar:

Steinn Ármann og Helga Braga

19:30-20:00

- Vígsla á göngu- og hjólastíg við Fjarðargötu
- Opnun á Hansaborgasýningu á göngustígnum
- Flugeldasýning við Suðurhöfn
- Skruðganga að Íþróttahúsinu við Strandgötu

20:00-21:30

FJÖLSKYLDUHÁTÍÐ

í Íþróttahúsinu Strandgötu

- Lúðvík Geirsson bæjarstjóri setur dagskrána
- Söngatriði:
- Þórunn Sigþórsdóttir, sópran
- Karlakórinn Prestir
- Ávarp forseta Íslands, hr. Ólafs Ragnars Grímssonar
- Forsetinn afhendir Hvatningu til ungra Íslendinga
- Friðheit – þýsk hljómsveit
- Forsetinn afhendir gjöf til Hafnarfjarðarbæjar
- Hljómsveitin Jakobínarína